



## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

### Jafnlaunastefna embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum

Stefna embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar, í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Lögreglustjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi embættisins. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Yfirlögregluþjónn er tilnefndur fulltrúi lögreglustjóra varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur embættið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Embættið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Markmið embættisins er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi, og að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur kynbundinn launamunur sé til staðar.

Til þess að ná því markmiði mun embættið:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og jafnréttislög nr. 150/2020.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu, þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf til athugunar á því hvort munur mælist á launum eftir kyni og kynna niðurstöður greiningarinnar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Vinna innra eftirlit og halda rýni stjórnenda árlega.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum embættisins og skal hún vera aðgengileg öllum starfsmönnum embættisins.
- Stefnan skal vera almenningi aðgengileg á vefsíðu embættisins.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu embættisins og jafnréttisáætlun þess.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vestfjörðum,  
Ísafirði, 2. desember 2021

  
Karl Ingi Vilbergsson  
Lögreglustjóri